



## Skólagönguferðalag Skólasöngur Egilsstaðaskóla

Lag: Charles Ross texti: Sigprúður Sigurðardóttir

Kæri vinur, heyrirðu ekki að haustið er að kalla  
Það heilsar öllum glaðlega að gömlum sveitasið.  
Kallar okkur verka til uns vetri fer að halla  
en vorið sendir allan hópinn út í sumarið.  
Sumarið – eigum við  
sæl við róum þá á önnur mið.

Ferðina við hefjum brátt og herðum okkar göngu  
hjalla marga klífum upp og tindinn stefnum á  
í bakpokanum flytjum við á ferðalagi ströngu  
fyrirheit um jákvæðni og gleði, von og þrá.  
Von og þrá – vekja má  
virðingu og hlýju sýnum þá.

### *Viðlag*

*Saman leiðumst hönd í hönd  
ávallt göngum frjáls í fasi  
og fögnum því að hittast enn á ný.  
Litrík vefjum vinabönd  
lendum ekki í þrefi og þrasi  
en þreytum okkar göngu skólann í.*

Kannski sýnist einhverjum að erfið reynist förin  
ekki skulum hika við en feta nýja slóð.  
Á þeirri leið við finnum margt sem færir okkur svörin,  
fyllir okkur eldmóði og kveikir nýja glóð.  
Kveikjum glóð - kát og rjóð  
hvetjum áfram bæði pilt og fljóð

Þegar hæsta tindi er náð þá horfum við til baka  
hissa á því hve rösklega við gengum þessi spor  
því af góðu minningunum mörgu, er að taka  
mikilsvert er þó að allir efldu kjark og þor.  
Með kjark og þor – kemur vor  
kankvís tókum næsta gæfuspor.

### *Viðlag*

*Saman leiðumst hönd í hönd  
ávallt göngum frjáls í fasi  
og fögnum því að hittast enn á ný.  
Litrík vefjum vinabönd  
lendum ekki í þrefi og þrasi  
en þreytum okkar göngu skólann í.*